

Flæðirit fyrir svermeftirlit

Byrja eftirlit fyrrihluta júní

Leita eftir dr hólfum 10 hvern dag ef dr vængstýfð

Frjó drottningarhólf finnst með eggi eða lirfu

Leita eftir dr hólfum 7 dag hvern dag ef dr ekki vængstýfð

Fylgið línunum

Byrja hér

Svarið spurningunum



DROTTNINGARAFLEGGJARA

Drottningarafleggjara gerir maður ekki eftir síðustu vikuna í júní, vegna þess að annars nær hvorki afleggjarinn né móðurbúið að stækka fyrir veturinn ef maður vill fjölga búum. Fyrir júní lok er þetta góð aðferð að aftra svermtilhneigingu.

Taktu nýjan botn, kassa og þak. Taktu minnst 4 og allt að tæplega helming ramma með ungvíði í og helming fódurrammanna frá ungvíðakassanum og settu þá í nýja kassann. Settu ungvíðarammana í miðjuna og fódurrammana til beggja hliða. Hristu auk þess býflugur frá nokkrum ungvíðarömmum í móðurbúinu í nýja kassann. Þetta til þess að koma í staðinn fyrir eldri býflugur sem fljúga til baka í móðurbúinu. Fjarlægðu öll drottningarhólf í drottningarafleggjaranum. Sjá Kassa 3 hér að ofan hvernig á að sinna móðurbúinu.

Ef þú villt ekki fjölga búum setur þú kúpuna með afleggjaranum í við hliðina á móðurbúinu (ca ½ m frá) með flugopin í sömu átt. Við lok sumars sameinar þú afleggjarann og móðurbúið með dagblaðssíðu aðferðinni (Dagblaðssíða með nokkrum götum í er sett ofaná móðurbúinu að kvöldi og afleggjarinn settur ofan á.

Ef þú vilt fjölga búum geturðu sett afleggjarann hvar sem er í býgarðinn hjá þér. Ef þú setur hann minnst 2 km í burtu þarftu ekki að hrista aukalega býflugur frá

ungvíðarömmum úr móðurbúinu (eldri býflugur fljúga þá ekki heim í sama mæli svo langt undan).

Vertu viss um að gamla drottningin fylgi með í afleggjarann. Ef þú finnur hana ekki : Sópaðu (ekki hrista, þú gætir drepit drottningalirfu í dr hólfu sem þú ætlar að leyfa móðurbúinu að ala upp) allar býflugur á helming af ungvíðarömmunum og helming af fódurömmunum, niður í móðurbúinu og settu þessa „býtömu“ ramma í kassa ofaná móðurbúinu með drottningar grind á milli. Í staðinn fyrir ramma sem þú tókst úr móðurbúinu seturðu helst uppbyggða ramma til hvorrar hliðar við þá ramma sem eftir eru í móðurbúinu. Eftir nokkra tíma hafa býflugur flutt sig upp í efri kassann. Taktu efri kassann og settu hann til hliðar. Flyttu nú alla ramma (með ungvíði og fódri í, ekki tömu rammanna) úr neðri ungvíða kassanum í móðurbúinu yfir í afleggjara kassann og hristu allar býflugur á öðrum römmum í neðri kassanum á móðurbúinu niður í afleggjarann. Nú ætti gamla drottningin að vera í drottningarafleggjaranum. Eldri býflugur fljúga til baka í móðurbúinu. Ef þú getur er jafnvel betra að flytja neðri (sá sem var undir drottningagrindinni) ungvíðakassann yfir á nýja botninn. Efri ungvíðakassinn sem þú settir til hliðar er nú sett yfir á botn móðurbúsins. Vertu viss um bæði búin séu með nóg fóður. Fóðraðu þetta nýja bú með sykurlausn og frjóðeigi upp á 3 kassa, þannig þegar þörf er á 4 kassanum tekurðu burt fóðurtrogit og leyfir þeim að setja hunang í rammanna í efsta kassanum-það verður þín hunangsuppskera.

AFLEGGJARA

Taktu 5 ramma með ungvíði, helst ramma þar sem ungvíðið er að byrja klekjast, með þeim býflugum sem sitja á römmunum og settu þá í nýja kúpu. Taktu 2 fódurramma og settu þá öðru megin við ungvíðarammana. Ramma með vaxplötum setur þú hinu megin við ungvíðarammana. Hristu býflugur frá 3 ungvíðarömmum úr móðurbúinu niður í nýja afleggjarann til að koma í stað þeirra eldri býflugna sem fljúga heim í móður búíð. Passaðu að drottningin verði eftir í móðurbúinu. Ef ný drottning eða lokað drottningarhólf afleggjarans á að koma annarstaðar frá eða, þarftu að fjarlægja öll hugsanleg drottningarhólf á römmum afleggjarans. Ef þú ætlar ekki að fjölga búum seturðu afleggjarann til hliðar við móðurbúíð annar hvar sem er í býgarðinn. Sjáðu hér að ofan í flæðiskemanu hvernig þú heldur áfram með afleggjarann í : AÐFERÐ1 og AÐFERÐ 2. Ef þú finnur ekki drottninguna gerðu þá á eftirfarandi hátt: Settu eftirfarandi ramma í nýjan kassa, 5 með hjúpuðu ungvíði, 2 með fódri 1 með vaxplötu og 2 með opnu ungu ungvíði. Hristu

allar býflugur af römmunum fyrst niður í móðurbúíð. Ef þú ætlar að nota drottningarhólf á þessum römmum sópaðu þá býflugurnar af, annars fjarlægir þú öll drottningarhólf og setur nýja drottningu í afleggjarann. Þú setur síðan þennan nýja kassa ofaná móðurbúíð með drottningargrind á milli. Eftir nokkra tíma hafa býflugur skriðið upp í efri kassann taktu hann þá og settu á nýjan stað en taktu rammanna með opna ungvíðinu (hristu fyrst býflugurnar af þeim í afleggjarann) og settu þá aftur í móðurbúíð en setur ramma með vaxplötum í afleggjarann í staðinn.

Ofan nefndum afleggjurum er lýst í sambandi við svermstjórnun. Auðvitað er hægt að gera afleggjara án drottningar í júní og láta hann ala upp eigin drottningu eða að setja til nýja drottningu eða til að koma í veg fyrir sverm.